

Nd

583. Tillaga

til þingsályktunar um rannsókn á hafnarbótum og vörnum gegn snjóflóðum.

(Eftir fyrri umr. í Nd.).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta rannsaka þegar á komandi vori:

1. Á hvern hátt bæta megi höfnina í Hnífsdal í Norður-Ísafjarðarsýslu og Vopnafirði í Norður-Múlasýslu, svo trygg verði vjelbátum, svo og nauðsynlegar landingarbætur þar.
2. Á hvern hátt heppilegast og tryggast sje að setja varnir gegn skemdum af snjóflóðum í Hnífsdal.